

Minnisblað um Þjóðvegi í A-Hún

Í grundvallaratriðum byggist samgöngukerfi í A-Hún á fjórum megin þáttum:

Þjóðvegum, götum í þéttbýli, höfnum og flugvöllum.

Í héraðinu þrír flugvellir; við Blönduós, á Auðkúluheiði og við Hveravelli. Hafnir eru á Skagaströnd og Blönduósi. Gatnakerfi eru á Blönduósi og Skagaströnd og í um héraðið er rúmlega 560 km af þjóðvegum. Í þessari samantekt er fjallað um þjóðvegi í A-Hún og leitast við að skilgreina helstu staðreyndir um vegakerfið.

Ef af sameiningu verður er óhjákvæmilegt að það verði eitt af verkefnum sveitarstjórnar sameinaðs sveitarfélags að skilgreina helstu þarfir í vegamálum í héraðinu, forgangsraða áhersluatriðum og berjast fyrir þeim úrbótum sem mest er þörf fyrir hverju sinni. (Eftirfarandi gögn eru samantekin af heimasíðu Vegagerðarinnar www.vegagerdin.is)

Þjóðvegir

Þjóðvegir eru þeir vegir sem ætlaðir eru almenningi til frjálsrar umferðar, haldið er við af fé ríkisins og upp eru taldir í vegaskrá. Þeir skulu ásamt sveitarfélagsvegum mynda eðlilegt, samfellt vegakerfi til tengingar byggða landsins. Þjóðvegum er skipað í flokka eftir eftirfarandi reglum.

Stofnvegir (S)

Til stofnvega teljast vegir sem tengja saman byggðir landsins. Einnig vegir á hálendinu sem mikilvægir eru fyrir flutninga og ferðaþjónustu. Þar sem stofnvegur endar í þéttbýli skal hann ná að fyrstu þvergötu sem tilheyrir gatnakerfi þéttbýlisins og enda þar. Þó er heimilt að láta stofnveg ná til flugvallar og hafnar sem mikilvæg eru fyrir ferðaþjónustu og flutninga.

Stofnvegir í A-Hún eru samtals 208 km og þar af er hringvegur frjá Gljúfurá að sýslumörkum á Vatnsskarði 63 km og Þverárfjallsvegur að sýslumörkum 40 km. Til annarra stofnvega teljast Kjalvegur (79 km), Svínvetningabraut frá Svartárbrú að Kjalvegi (5 km), Skagastrandarvegur (21 km)

Tengivegir (T)

Tengivegir eru vegir utan þéttbýlis sem tengja saman stofnvegi, aðra tengivegi og landsvegi, vegir að helstu flugvöllum og höfnum sem mikilvægar eru fyrir flutninga og ferðaþjónustu. Þar sem tengivegur endar í þéttbýli skal tengja hann fyrstu þvergötu sem tilheyrir vegakerfi þéttbýlisins og enda þar.

Tengivegir í A-Hún eru samtals 179 km. Skráðir tengivegir eru Vatnsdalsvegur (46,5 km), Reykjabraut (12,8 km), Auðkúluvegur (14,6 km), Svínvetningabraut (27,5 km), Svartárdalsvegur (24,4 km) Hveravallavegur og Þjófadalsvegur (2,4 km), Neðribyggðarvegur (8,45 km) og Skagavegur að sýslumörkum (42,2 km)

Héraðsvegir (H)

Héraðsvegir eru vegir sem liggja að býlum, starfrækslu atvinnufyrirtækja, kirkjustöðum, opinberum skólum og öðrum opinberum stofnunum utan þéttbýlis, eru ákveðnir í staðfestu skipulagi og taldir upp í vegaskrá. Landeigandi skal þó kosta og vera veghaldari síðustu 50 m að framangreindum

stöðum ef vegur endar þar. Jafnframt er heimilt að taka í tölu héraðsvega vegi að sumarbústaðahverfum sem tengja að minnsta kosti 30 bústaði við þjóðveg.

Héraðsvegir í A-Hún eru samtals 91 km. Skráðir héraðsvegir eru: Þingeyrarvegur (6 km), Miðásavegur að Meðalheimi (3,5 km), Svínadalsvegur að Hrafnabjörgum (8,7 km), Blöndudalsvegur í Bollastaði (10,2 km), Mýravegur (7,5 km) og héraðsvegir að 123 lögbýlum (55 km)

Landsvegir (L)

Landsvegir eru vegir yfir fjöll og heiðar sem ekki tilheyra neinum af framangreindum vegflokkum og aflagðir byggðavegir á eyðilendum. Á vegum þessum skal yfirleitt einungis gera ráð fyrir árstíðabundinni umferð og minna eftirliti og minni þjónustu en á öðrum þjóðvegum.

Landsvegir í A-Hún eru um 85 km. Skráðir landsvegir eru: Vesturheiðarvegur, Fossar – Strangakvísl (54 km), Mælifellsdalsvegur (20,2 km) og Þjófadalavegur (10,6 km)